

cerandi efni rokið burt að nokkru leyti og blóðsýnið því gefið lægra alkóhólhlutfall við rannsókn en raunverulega var í blóði ákærða umrædda nótt.

Einnig þykir fullsannað með vætti vitna, að ákærði hafi sjáanlega verið undir áhrifum áfengis.

Að þessu athuguðu þykir refsing hæfilega ákveðin varðhald í 10 daga samkvæmt 3. mgr. 80. gr., sbr. 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr., sbr 45. gr. áfengislaga. Ákærði skal einnig samkvæmt 3. mgr. 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga sviptur ökuleyfi í 12 mánuði frá uppkvaðningu (sic) dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómsorð:

Ákærði, Hans Elíasen, sæti varðhaldi í 10 daga.

Ákærði er sviptur ökuleyfi í 12 mánuði frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Skúla Sigurðssonar lögfræðings, kr. 5.000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 24. marz 1972.

Nr. 38/1972.

Björn Pálmason

gegn

Guðrúnu Kristjánsdóttur og

Bæjarfógetanum í Kópavogi.

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Magnús P. Torfason og prófessor Gaukur Jörundsson.

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 9. marz 1972, er barst dóminum 14. s. m. Með tilvísun

til 30. gr. laga nr. 57/1962 var sóknaraðilja veittur kostur á að bæta úr ágöllum á kærinni. Hefur hann í greinargerð til Hæstaréttar, dags. 23. þ. m., lýst kæruefninu og kröfum sínum svo:

„Hið kærða:

1. Synjun fógeta með bókun í þinghaldi hinn 25. febrúar um það, að fógetarétturinn, að kröfu gerðarþola, vísaði málsatvikinu varðandi hæfi gerðarbeiðanda sem móður til umsagnar barnaverndarstjórnvalda, sérstaklega með hliðsjón af því, að gerðarþola er síðar meinað um að afla slíkrar umsagnar með bersýnilega of skömmum fresti, svo og tregðu barnaverndarstjórnvalda til afskipta af málsatvikinu í trássi við fógetaréttinn.
2. Synjun fógeta á því að verða við beiðni um dómkvaðningu matsmanna um hæfi gerðarbeiðanda sem móður, með aðgerðarleysi, þ. e. ekki orðið við beiðninni né henni synjað með úrskurði.
3. Vanræksla fógeta á því að kveðja til tvo sérfróða meðdómendur í málinu, en ætla að taka málið til úrskurðar (sic), þ. e. hefur ákveðið munnlegan flutning málsins strax án þess að tryggja nauðsynlegar álitsgerðir kunnáttumanna, sbr. 1. og 2. hér að ofan.
4. Vanræksla og synjun fógeta á því að kveða upp úrskurð um frest í þinghaldi hinn 9. marz s.l.
5. Ítrekaðar yfirlýsingar fógeta um efnisatriði málsins svo og þýðingarmikil réttarfarsatriði, sem úrskurða þurfti um undir rekstri málsins.

Kröfugerð:

Þess er krafizt, að hinn virðulegi Hæstiréttur leggi fyrir fógetann, að aflað skuli umsagnar barnaverndarstjórnvalda um hið umdeilda hæfi gerðarbeiðanda sem móður eða veiti gerðarþola frest til þess að afla slíkrar umsagnar, sem sé ekki skemmri en 10 dagar, eða leggi fyrir fógeta að dómkveðja matsmenn um ofangreint hæfi eða leggi fyrir fógeta að kveðja til tvo sérfróða meðdómendur.

Þá er þess krafizt, að vanræksla og synjun fógeta á upp-
kvaðningu formlegra úrskurða um réttarfarsatriði, þ. e.

synjun á slíkri meðferð varðandi dómkvaðningu matsmanna, svo og varðandi frest í þinghaldi hinn 9. febrúar (sic) verði látin sæta ámælum og lagt sé fyrir fógeta að kveða upp úrskurð um þessi atriði, eins og lög standa til.

Þá er þess krafizt, að opinská afstaða fógeta til efnisatriða í úrskurði frá 29. febrúar verði látin sæta ámælum svo og afstaða hans til fresta í málinu, sem fram kemur á dskj. 27. Þess er krafizt, að ofangreind atriði skuli, með eða án nýrra gagna og málsástæðna, varða heimvísun málsins til löglegrar meðferðar, en að gerðarbeiðanda sé gert að greiða gerðarþola og kæranda málskostnað að mati hins virðulega réttar“.

Varnaraðili Guðrún Kristjánsdóttir hefur aðallega krafizt þess, að kærumálinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að „staðfestar verði þær málsmeðferðarækvarðanir, sem fógeti hefur tekið í málinu og kærðar eru“. Þá er og krafizt kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja, þar með talinn málskostnaður vegna kæru sóknaraðilja 3. marz 1972, er afturkölluð var 8. marz 1972.

Frá varnaraðilja bæjarfógetanum í Kópavogi hafa hvorki borizt kröfur né greinargerð.

Sóknaraðili hefur ekki gert ákveðnar og afdráttarlausar kröfur í máli þessu, og er kæra hans því ekki svo úr garði gerð, sem skylt er samkvæmt 23. gr. laga nr. 57/1962. Ber af þeim sökum að vísa kærumálinu frá Hæstarétti með vísan til 30. gr. nefndra laga.

Dæma ber sóknaraðilja til að greiða varnaraðilja Guðrúnu Kristjánsdóttur kærumálskostnað, sem er hæfilega ákveðinn kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Kærumáli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðili, Björn Pálmason, greiði varnaraðilja Guðrúnu Kristjánsdóttur kr. 10.000.00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.